

STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

KJARNINN KÓPAVOGSSKÓLA 2022-2023



Halldór Hlöðversson
halldorh@kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

1. Hagnýtar upplýsingar

Starfsemi og aðstaða: Kjarninn er félagsmiðstöð barna og unglinga (10 - 16 ára / 5. - 10. bekk). Kjarninn er staðsettur í Kópavogsskóla og er aðstaðan aðallega í sal skólans og í rýminu í kringum hann (andyri, gangur, salerni). Forstöðumaður í Kjarnanum er Halldór Hlökkversson. Sími í Kjarnanum er 441-3430 / 696-1623 og netfang er halldorh@kopavogur.is

Opnunartími: Hefðbundinn opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 (lokað milli kl. 18:30-19:30) og annan hvern föstudag frá kl. 19:30 - 23:00 (auk aukaopnana og tilfallandi aukaopnanna). Einnig eru hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Sumarsmiðjur miðstigs verða væntanlega fljótandi eins og síðasta sumar – þá þannig að hægt er að taka þátt milli skólahverfa. Kvöldopnanir/Sumaropnanir verða væntanlega á sínum stað á mánu- og miðvikudögum, líkt og síðasta sumar. Og vonandi og væntanlega áframhald á Flakkandi félagsmiðstöð. Samstarf við vinnuskólann snýr að þeim starfsmönnum sem komu inn á námskeiðið í gegnum vinnuskólann og unglingunum sem tóku þátt í sumarnámskeiði Velkomin.

2. Dagatal félagsmiðstöðva í Kópavogi (unglingastig)

Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadamatal 2022 - 2023

Félagsmiðstöð:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Míðlæsi ávarðunarsæmi	1 F	1 L	1 D	1 F	1 Míðlæsi ávarðunarsæmi	1 Míðlæsi ávarðunarsæmi	1 M	1 L	1 Míðlæsi ávarðunarsæmi	1 F	1 L
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F	2 Míðlæsi ávarðunarsæmi	2 Míðlæsi ávarðunarsæmi	2 F	2 S	2 Míðlæsi ávarðunarsæmi	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 F	3 Míðlæsi ávarðunarsæmi	3 Míðlæsi ávarðunarsæmi	3 M	3 L
4 F	4 S	4 D	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D	4 F	4 S	4 D
5 F	5 Míðlæsi ávarðunarsæmi	5 M	5 L	5 Míðlæsi ávarðunarsæmi	5 F	5 S	5 S	5 Míðlæsi ávarðunarsæmi	5 F	5 Míðlæsi ávarðunarsæmi	5 M
6 L	6 D	6 F	6 S	6 D	6 F	6 Míðlæsi ávarðunarsæmi	6 M	6 F	6 D	6 F	6 S
7 S	7 M	7 F	7 Míðlæsi ávarðunarsæmi	7 M	7 L	7 D	7 Míðlæsi ávarðunarsæmi	7 F	7 Míðlæsi ávarðunarsæmi	7 S	7 Míðlæsi ávarðunarsæmi
8 M	8 F	8 L	8 D	8 F	8 S	8 Míðlæsi ávarðunarsæmi	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 D	9 Míðlæsi ávarðunarsæmi	9 Míðlæsi ávarðunarsæmi	9 D	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 D	9 S	9 S
10 M	10 L	10 M	10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L
11 F	11 S	11 D	11 M	11 F	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F	11 S	11 S
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 D	13 F	13 M	13 L	13 M	13 D	13 D	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 L	14 M	14 M	14 D	14 M	14 S	14 M
15 M	15 F	15 L	15 D	15 F	15 S	15 D	15 D	15 L	15 M	15 F	15 M
16 D	16 M	16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 D	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Míðlæsi ávarðunarsæmi
18 F	18 S	18 D	18 M	18 F	18 M	18 L	18 L	18 D	18 M	18 F	18 L
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 M
20 L	20 D	20 F	20 M	20 F	20 M	20 D	20 D	20 L	20 M	20 F	20 L
21 S	21 M	21 M	21 F	21 L	21 M	21 F	21 F	21 S	21 M	21 F	21 L
22 M	22 F	22 L	22 D	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 M	22 M	22 M
23 D	23 Míðlæsi ávarðunarsæmi	23 L	23 M	23 F	23 M	23 D	23 D	23 L	23 M	23 F	23 L
24 M	24 L	24 M	24 M	24 F	24 L	24 M	24 M	24 D	24 M	24 S	24 M
25 F	25 S	25 D	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L	25 D	25 Míðlæsi ávarðunarsæmi	25 F	25 S
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M
27 L	27 D	27 F	27 M	27 F	27 M	27 D	27 D	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 M	28 F	28 F	28 S	28 M	28 F	28 L
29 M	29 F	29 L	29 D	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 M
30 M	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 D	30 D	30 L	30 M	30 F	30 L
31 M	31 F	31 M	31 F	31 L	31 M	31 F	31 F	31 S	31 M	31 F	31 L

3. Starfið í félagsmiðstöðinni í vetur

Dagsskipulag: Utan hefðbundinna hádegis- og dagopnanna eru fastir liðir daglega. Á mánudögum fundar forstöðumaður með skólanum á reglulegum fundum. Á mánudögum er einnig eitthvað miðstigstengt (6. og 7. bekkur kl. 17:00). Á þriðjudögum eru forstöðumannafundir, samstarfsfundir vegna viðburða og verkefna. Á þriðjudögum eru einnig heimsóknir námsversins í Kjarnann. Á miðvikudögum er formannafundur og í kjölfarið er fundur nemendaráðs Kópavogsskóla og Kjarnans. Á fimmtudögum er umsjónartími unglingastigs og er það kjörinn tími til að ná í árgangana í heilu lagi, koma upplýsingum á framfæri og ræða málin. Á föstudögum er smíði og hönnun. Unglingar gera upp og vinna að

aðstöðuuppbyggingu í sinni félagsmiðstöð. **Alla daga** eru hádegis- og dagopnanir og mögulega eitthvað sérstakt verkefni í gangi, eins og t.d. fundir, Stíls-undirbúningur, skreytingar fyrir viðburðir, árshátíðarundirbúningur, miðasala, o.fl. í þeim dúr. Þá eru dagleg verkefni sem heyra undir samskipti við samstarfsaðila, börn, unglinga og foreldra (auglýsingagerð, fara í bekk, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, Mentor eða upplýsa í persónu). Þá er umsjón með tækjum og tólum, aðbúnaði og græjum. Ýmiskonar undirbúningur og framkvæmd sem og frágangur. Hér má líta á dæmigert mánaðarplan Kjarnans:

DAGSKRÁ KJARNANS – OKTÓBER 2022

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR
3. Forvarnavíka Kóp. Kl. 17:00–18:30: Forvarnavíka/Erasmus Kl. 20:00–22:00: Forvarnavíka Hádegis-&dagopnun	4. Hádegis-&dagopnun	5. Forvarnavíka Kóp. Kl. 17:00–18:30: Klúbbá-opnun Kl. 19:30–22:00: Forvarnavíka Hádegis-&dagopnun	6. Hádegis-&dagopnun	7. Hádegis-&dagopnun LANDSMÓT SAMFÉS	8. LANDSMÓT SAMFÉS	9. LANDSMÓT SAMFÉS
10. Hádegis-&dagopnun Kl. 17:00–18:30: Starfsmannafundur Kl. 19:30–22:00: Pool-mót Hádegis-&dagopnun	11. Hádegis-&dagopnun	12. Molavíkan Kl. 17:00–18:30: Klúbbá-opnun Kl. 19:30–22:00: Mólinn 10.b./Opíð hús Hádegis-&dagopnun	13. Hádegis-&dagopnun	14. Hádegis-&dagopnun Kl. 19:30–23:00: FELUELTINGA- LEIKUR	15.	16. Kl. 13:30–22:00: KJARNA-LAN
17. Félagsmiðstöðvavíkan Kl. 17:00–18:30 6.&7.b.: Félagsmiðstöðvavíkan Kl. 19:30–22:00: Kjarnadagur (OPÍB) Hádegis-&dagopnun	18. Hádegis-&dagopnun	19. Foreldradagur Arena-LAN & RUSH hoppuveisla!	20. Skipulagsdagur	21. Skipulagsdagur	22.	23.
24. Vetrarfrí/KÓPLAN Kl. 17:00–18:30 LAN: 6. & 7. b. spílaopnun Kl. 19:30–22:00: Bíóferð / KÓPLAN	25. Vetrarfrí	26. Hádegis-&dagopnun Kl. 17:00–18:30: Klúbbá-opnun Kl. 19:30–22:00: Opíð hús	27. Hádegis-&dagopnun	28. Hádegis-&dagopnun Kl. 22:00–00:00: NÁTTFATA- NÓTT	29. Kl. 00:00–07:00: NÁTTFATA- NÓTT	30.
31. Hádegis-&dagopnun Kl. 17:00–18:30: Starfsmannafræðsla Kl. 19:30–22:00: Kveðju-party!	1.	2. Kl. 17:00–18:00: Klúbbá-opnun Kl. 19:30–22:00: Opíð hús	3.	4.	5.	6.

Samfés-viðburður: fjólablár // Sameiginlegt í Kópavogi: grænn // Kjarninn: Svartur/opíð hús + Blár/STÆRRA + Gulur/keppnir + Ljósblár/námskeið/klúbbar/umræður + Rauður/ekki unglingastig

Valáfangar í félagsmiðstöðinni: Þennan veturinn hefur forstöðumaður umsjón með tveimur vikulegum valáföngum, þ.e. annars vegar „nemendaráðsvali“ (lýðræðislega kjörið ráð unglingastigs sem fjallar um helstu málefni er tengjast skóla og félagsmiðstöð - 60 mín.) og hins vegar „klúbbavali“ (hægt er að velja milli mismunandi klúbba hverju sinni – góð leið til að virkja unglinga til þátttöku inn í starfið - 60 mín.). Þá er félagsmiðstöðin í samstarfi við Smíði og hönnun (þjónustunám) gagnvart aðstöðu uppbyggingu í félagsmiðstöðinni (80 mín.). Nemendur fá ábyrgð til að fást viðverkefni sem tengjast sameiginlegri aðstöðu nemenda skólans – og reyna þannig á þekkingu sína og færni í praktískum verkefnum.

Samstarf við skóla: Á undanförunum árum hefur verið byggt upp öflugt og skilvirkt samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Samstarfið er að hluta tengt ákveðnum verkefnum (t.d. „Vinagangan - gengið gegn einelti“ 8. nóvember), ákveðnum viðburðum (10. bekkja bingó, jólaball og árshátíð), ákveðnum ferðum (skíðaferð unglingastigs, útskriftarferð 10. bekkja og Laugarvatnsferða 9. b.), fræðslum fyrir unglinga og foreldra, valáföngum sem starfsmenn Kjarnans hafa séð um á unglingastigi, ráða- og nefndastarfi barna og unglinga, sérverkefna í anda „þjónustunáms“ („service learning“) sem og tilfallandi verkefni. Samstarfið hefur byggst upp jafnt og þétt og er samofið samstarfi við foreldrafélagið og foreldra nemenda. Á reglulegum samstarfsfundum stofnanna er samstarfið í stöðugri þróun og umræðu. Verkefna- og viðburðapróun (samstarfsþróun) er stór í öllu samstarfi stofnananna. Í samstarfi við foreldrafélagið hefur verið unnin forvarnaráætlun fyrir veturinn, en skóli og félagsmiðstöð ákveða fræðslur eftir hvaða áherslum staðan kallar á.

Hópastarf: Hópastarf snýr m.a. að áhættuhópum og þar er t.a.m. unnið með unglingum sem tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál. Það er gert í gegnum almenna starfsemi, „Velkomin-verkefnið“ (sumarnámskeið og skörun inn í annað starf eins og klúbbavalið). Í Kópavogsskóla er sérdeild og kemur hún reglulega yfir í Kjarnann á skólatíma. Í vetur verður unnið enn frekar að því að virkja og valdefla unglinga í sérdeildinni inn í starf Kjarnans.

Almennt hópastarf er t.d. unnið í gegnum Klúbbaval, sem er valáfangi sem er vikulega á miðvikudögum kl. 17:00, og er settur upp í samstarfi við Kópavogsskóla. Það hefur reynst góð leið til að virkja unglinga inn í starf félagsmiðstöðvarinnar með því að þau taki þátt í hópastarfi klúbbavalsins. Það hefur virkað sem góð „brú“ frá skólanum inn í félagsmiðstöðvastarfið. Góð leið til að virkja og valdefla einstaklinga og hópa í gegnum hópastarf. Hluti hópsins skilar sér svo áfram inn á annað starf (kvöldopnanirnar) meðan að þessi „klúbbavals-nálgun“ (seinni partinn) hentar sumum betur. Það er opið á sama tíma þannig að hægt er að taka með sér vin. Þeir sem koma og eru ekki í Klúbbvali geta annað hvort slegist í hópinn eða gert annað sem er í boði á hverjum tíma. Bæði almennt og sértækt hópastarf hefur einnig verið í kringum ákveðin verkefni og sú verður áfram raunin.

Forvarnaráætlun: Líkt og í fyrra vetur verða skólinn, félagsmiðstöðin og foreldrafélagið saman með nokkrar fræðslur. Iðulega eru fræðslurnar á skólatíma, til að ná til sem flestra. Höfum iðulega farið inn í veturinn og metið þörfina, hvað sé í boði af fræðslum og árgangastýrt þeim (hvað hentar hvaða aldri og eftir hvernig staðan er í árgöngunum hverju sinni). Þessi ráðhögun er afsprengi af styrktarverkefninu „Markvissar forvarnir“. Í vetur verður mikil áhersla á samfélagsmiðla, samskipti, kynfræðslu og mörk, andlega líðan, heilsu og fjölmenningarfræðslu.

Hvaða starfsmenn koma að starfinu: Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og 78% frístundaleiðbeinandi leiða það starf sem á sér stað á skólatíma (m.a. hádegis- og dagopnanir) og bera því hitan og þungan af öllum undirbúningi og framkvæmd starfsins sem fer fram utan skólatíma. Að auki er heilmikið samstarf við skólann, t.a.m. gagnvart fræðslu- og forvarnarstarfi. Þá er farið í bekk þar sem kynnt er hvað er efst á baugi hverju sinni. Tveir „39% starfsmenn“ vinna síðan á öllum opnunartímum félagsmiðstöðvarinnar utan skólatíma og eru einnig á starfsmannafundum og fræðslum.

Verkefni/viðburðir sem snúa að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum:

Hvern og einn viðburð og hvert og eitt verkefni má tengja að einhverju leyti, með beinum og/eða óbeinum hætti við Heimsmarkmiðin. Í kortlagningu heimsmarkmiðanna gagnvart Kjarnastarfinu (og tengingu við yfirmarkmið Kópavogsbæjar) kom það einmitt fram hvað starfsemin er að tengjast markmiðunum sterkt. Nemendaráðið mun fjalla um Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin, enda mikilvægt að þau tengist þeim vel og læri að tileinka sér hugmyndafræðina.

Áherslur í starfinu og tengsl við 5 yfirflokka:

- **Viðburðir í vetur:** 1) lágmarka kostnað, 3) huga að heilbrigði.
- **Þjónusta og lýðræði:** 1) lágmarka kostnað, 10) tryggja þátttöku-möguleika og aukið lýðræði.
- **Málefni barna og fjölskyldna:** 16) Velkomin (móttöku- og aðlögunarprógramm).
- **Loflagsmál:** 12) flokkun sorps, lágmarka úrgang, endurnýta, vera fyrirmyndir.
- **Lýðheilsa:** 3) Útivera, hreyfing, afþreying, jákvæður félagsskapur, öryggi, vellíðan.

Viðburðir á vegum Kjarnans í vetur: Fastir liðir: Náttfatanótt, kökukeppni, bingó, LAN með PC tölvum og VR (í fleirtölu), Hjartsláttur, skíðaferð, árshátíð og jólaball, leiktækjamót. Einnig margt fleira, sem unglingaráðið ákveður hverju sinni í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva: Íþróttadagar og ball, forvarnarvika, LAN mót, sköpunardagur, stuttmyndhátíð, sköpun/workshop, söngkeppni, spurningakeppni, Nýársball, íþróttakeppnir, skíðaferð, stuttmyndahátíð, sköpunardagur, Getkó, nýársball og félkóhátíð, viðburður og böll á vegum Félkó.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Hin árlega vinaganga „gengið gegn einelti“, Hrekkjavaka, Öskudagur, 10. bekkja bingó, jólaball og árshátíð, skíðaferð unglingastigs og fleira.

Sumarstarf: Viðburðir tengdir velkomin sumarnámskeiði og sumaropnunum (og mögulega Flakkandi félagsmiðstöð í framhaldi), eins og t.d. sumar-útilega og sameiginlegir viðburðir.

4. Sérverkefni

Lýsing á verkefnum sem móta jákvæð samskipti:

Velkomin verkefnið snýr í grunninn að móttækileika og jákvæðum samskiptum í aðstæðum þar sem þau eru mjög mikilvæg, fjölmenningsamfélaginu. Mikilvægt er að samfélagið okkar mótist á jákvæðum nótum í átt til fjölmennings. Að við blómstrum í fjölbreytileikanum, sem fjölmenningsamfélag. Að samfélagið verði meira „Welcoming“ bætir það inn á við og út á við.

Sérdeildar samstarf við skólann skilar sér í að unglingarnir eru virkari og þátttaka þeirra meiri.

Samskiptin, dags daglega, milli starfsmanna og unglinga sérdeildarinnar verða betri. Sem og innan unglingahópsins. Fjármagn fyrir sértækt hópstarf verður nýtt til að virkja og valdefla nemendur í sérdeild inn í félagsmiðstöðvarstarfið. Það verður m.a. gert með vettvangsheimsóknun félagsmiðstöðvarinnar og sérstökum „upplýsinga- og samtalstímum“ í félagsmiðstöðinni. Með vísan í menntastefnu Kópavogsbæjar.

Lýsing á verkefnum sem vinna gegn félagslegri einangrun:

Velkomin verkefnið (aðlögun þeirra sem eru ný- eða nýlega fluttir til landsins og tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál) er í grunninn menningarlegt. Það aðlagar bæði okkur sem samfélag og aðflutta. Ekki aðeins snýr þetta verkefni að brúa tungumála- og menningarmun heldur einnig að því samfélagið í heild sinni sé meira „welcoming“ og meðvitað um það. Sumarnámskeiðin skila sér sterkt inn í veturinn með aukinni virkni ÍSAT-nemenda skólans og enn eru töluverð sóknarfæri í því viðmiði.

Samráðshópur félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans, Kópavogsskóla, Álfhólsskóla, MK (Menntaskólans í Kópavogi) og Samfés mun í nóvember kynna niðurstöður úr styrktarverkefni úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins. Afurðin er jafningjafræðsla og veggspjöld sem fræða um fjölmenningu.

Unglingar í Námsverinu/Sérdeild hafa orðið mun virkari í starfi félagsmiðstöðvarinnar eftir að farið var að vinna sérstaklega með þeim á skólatíma og þarna verður bætt um betur í vetur. Þá byggir þetta starf að hluta á „Félagsmiðstöð án aðgreiningar“ – lokaverkefni Brynhildar B. Kjartansdóttur í Tómsunda- og félagsmálafræði, sem unnið var í samstarfi við félagsmiðstöðina Kjarnann.

Samfés-punkta-kerfið hvetur til þátttöku og virkni og virkar vel sem slíkt. Hvatinn er að komast á Samfés-viðburð þar sem að takmarkað miðamagn er á Samfesting Samfés (ball/tónleikar og söngkeppni) . Fjöldatölur eru hvatning til að virkja starfsfólk, nemendaráð, umhverfið til að virkja og valdefla unglingana. Kerfið hvetur til þátttöku og virkni.

Að taka þátt í verkefnum (stórum sem smáum) – fá hlutverk Það er gömul og ný saga að virkjun í gegnum hlutverk og þátttöku í verkefnum og viðburðastjórnun (eins og t.d. Stíl, Getkó, DJ-un o.fl.) eignast þátttakendur ákveðna hlutdeild, þannig að félagsmiðstöðin verður þeirra. Þannig erum við allan daginn alla daga í fyrsta stigs forvörnum – sem miðar fyrst og fremst að því að virkja og valdefla – skapa þátttöku.

5. Nemendaráðið NEMKÓ – nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans

Nemkó er nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans (unglingar): Með þátttöku og virkni í ráðum, nefndum og á fundum hafa unglingar í Kópavogi fengið mjög svo vaxandi og valdeflandi hlutverk á undanförunum árum. Fulltrúar úr ráðinu sitja í Skólaráði, Félkóraráði og Ungmennaráði Kópavogsbæjar. Auk þess að fulltrúi úr ráðinu býður sig fram til Ungmennaráðs Samfés. Með þessu móti er nemendaráðið mitt í miðju upplýsingaflæðis sem gerir ákvarðanatöku upplýstari. Fulltrúar úr öllum árgöngum sitja í ráðinu og eru lýðræðislega kjörnir. Gætt er að kynjahlutfalli. Fulltrúar í nemendaráðinu fá setu sína metna sem val.

Formannahlutverkin og formannaafundir: Tveir formenn eru í nemendaráðinu, einn drengur og ein stúlka. Formennirnir tveir halda reglulega fundi með forstöðumanni. Þar eru Nemkó-fundirnir undirbúnir (dagskrá og upplýsing), tillögur unnar og upplýsinga aflað. Þar læra formenn undirbúning funda (dagskrá) og einnig að stýra ákveðnum liðum á fundunum sjálfum (fundarstjórn/framkvæmd). Formannahlutverkinu fylgja ákveðin verkefni, t.a.m. seta í ákveðnum ráðum og nefndum og hlutverk kynna á árshátíð.

6. Foreldrasamstarf

Upplýsingagjöf: Í gegnum Mentor, heimasíðu félagsmiðstöðva í Kópavogi, „Like-síðu“ Kjarnans á Facebook, Instagram, á heimsíðu Kópavogsskóla og í gegnum samtöl, símtöl og tölvupóstsamskipti.

Foreldrafélag Kópavogsskóla: Í gegnum árin hefur samstarfið við foreldrafélagið vaxið og dafnað. Nú eru ákveðnir árlegir viðburðir sem félagsmiðstöðin og foreldrafélagið sinna saman. Dæmi um samvinnuverkefni eru Vorhátíðin/ Fjölskylduhátíðin, Hrekkjavöku-vikan, 2. stigs forvarnarstarf – fræðslur (einnig í samstarfi við skólann) og aðstöðu uppbygging. Samstarfið mun verða áfram á sömu nótum.

Foreldrasamstarf: Lögð er áhersla á gott samstarf milli félagsmiðstöðvarinnar og foreldranna beint. Þannig nær starfsfólkið að kynnast foreldrum og foreldrarnir starfsfólkinu og aðstöðunni. Á Náttfatanótt eru foreldravaktir, sem opna einmitt á að unglingarnir upplifa foreldrana og starfsfólkið saman, í gegnum starfið. Þá hefur Kjarninn lagt sig fram um að hafa Félagsmiðstöðvadaginn spennandi og skemmtilegan, þ.e. þegar gestum og gangandi er boðið að heimsækja félagsmiðstöðina. Þá kemur félagsmiðstöðin að fjáröflunarbíngi 10. bekkja, en þá fyllist iðulega salur skólans af foreldrum, ættingjum og vinum nemenda skólans, sem eiga góða stund saman. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við foreldra.

7. Verkferlar

- Verkferlahandbók frístundadeildar
Í henni má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar
- Neyðaráætlun:
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna:
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
Forstöðumaður óskar eftir að taka þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla.

- Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Gátlisti vegna eineltis.

Leyfisbréf:

Þegar starfsemin nær út fyrir útivistartíma, yfir lengri tíma og tengt sérstöku starfi er óskað eftir leyfisbréfum þátttakenda. Þar gefa foreldrar leyfi fyrir þátttöku síns unglings og unglingurinn kvittar undir að ætla að hegða sér vel og vera til fyrirmyndar.

Á ferð með börn og unglinga:

Þegar farið er í ferðir og á viðburði úr húsi er tekin með aðstandendalisti. Leyfisbréf þurfa að liggja fyrir svo þátttakandi fari með. Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í öllu starfi félagsmiðstöðvarinnar sem ekki er á skólatíma.

Að ferðast í strætó og rútu:

Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í starfi.

8. Innra mat

Niðurstöður R&G gefur ákveðna mynd af stöðunni, hvernig gengur heilt yfir í Kópavogi, sem og á hverfavisu. Það gefur okkur hugmynd um hvernig haga á starfi og fræðslu. Horft er til fjöldatalna og þannig lagt mat á hvernig gengur að vekja áhuga barna- og unglinga á starfseminni og virkja hann. Einnig er, í samtalinu, hlustað eftir því (frá utanaðkomandi, starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum) hvernig gangi. Ákveðinn samanburður er í gangi gagnvart mætingu annarra á sameignlega viðburði. Þá hefur verið hlustað eftir útkomu í Skólapúlsinum. Síðast, en ekki síst, er hlustað á raddir barna- og unglinga. Það er m.a. gert í gegnum Nemkó (ráð nemenda Kópavogsskóla og Kjarnans).

9. Fjöldatölur

Starfsmenn eru meðvitaðir um fjöldatölurnar og er það hvatning til að virkja sem flesta inn í starfið. Gerðar hafa verið athugasemdir við að samræma þurfi forsendur fjöldatalna til að þær séu sem marktækastar og samanburður réttmætur. Í vetur verða settar inn fjöldatölur í endurunninni skilgreiningu á hvernig talið er og hvenær.

10. Símenntun

Mánaðarlega að jafnaði eru haldnar starfsmannafræðslur sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samtali við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun Frístundadeildar 2022-2023

Símenntunaráætlun – Frístundadeild 2022-2023

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlesari	Staðsetning
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannanámskeið	24. og 26. ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf	Áslaug Einarsdóttir	24.8 Smáaskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi
Verndari barna	5.september	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún Helga	Molinn kl 17:00- 19:00.
Stjórnendafræðsla	13.september	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	Ingrid Kuhlman	Fannborg 6 - Fundarherbergi Völlur
Skyndihjálp	Kemur síðar	Skyndihjálp	Athuga mannauðsdeild	Eloomi fræðsluvefur
Kynning á fræðslutorgi	6.september-Á forstöðumanna-fundi	Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi	Harpa	Teams
Forvarnavika – stjórnendafræðsla	1.október		Mánudagsfræðsla grunnskóladeildar	Teams
Hvaðan ertu - stjórnendafræðsla	1.nóvember	Námskeið fyrir stjórnendur félagsmiðstöðva og frístundar	Miriam Petra	Fönix
Hvaðan ertu	7.nóvember	Fjölmenningsfræðsla	Miriam Petra	
„Verkæraakistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5.des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.		
Vika 6	6.-10.febrúar	Kynfræðsluferni varðandi átakið „Vika 6“	Kolbrún Hrun- Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg	Molinn
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10.maí	Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar.		Dimma

Fræðsluáætlun -Félagsmiðstöðvar/Molinn/Hrafninn

Fræðsluerindi	Mánuður
Samfélagsmiðlar - Forvarnavikan	Október
Fjölmennings	Nóvember
Orkudrykkir	Janúar
Kynfræðsla	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi	Maí

11. Starfsfólk og starfsheiti

Halldór Hlökkversson - 100% Forstöðumaður
 Viktor Abdullah Fikrason – 78% Frístundaleiðbeinandi
 Agla Jóna Sigurðardóttir – 39,5% Frístundaleiðbeinandi
 Austé Urbonaviciute – 39,5% Frístundaleiðbeinandi

Magnús Konráð Sigurðsson – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.

12. Annað sem varðar starfssemina

Þróunarverkefni – Velkomin styrkur (í samstarfi Álfhólsskóla, Kópavogsskóla, MK og Samfés):

Sem afsprengi af Vertu Velkomin verkefninu fékk samráðshópur á Kópavogs- og landsvísu styrk til að brúa bil milli skólastiga og vinna að því að auka „velkomin-menningu“. Hann snýr í grunninn að því að brúa félagslegt bil milli skólastiga og vinna að móttöku og aðlögun aðfluttra. Styrkur fékkst úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins og eftir að verkefninu var breytt vegna heimsfaraldursins verður í vetur kynnt til leiks jafningjafræðsluefni um fjölmenningu. Og því tengdu verða prentuð út veggspjöld til dreifingar á landsvísu, sem fræða almennt um fjölmenningu.

Þróunarverkefni – VR (sýndarveruleikagleraugu):

Hópur unglinga úr Kjarnanum hefur um skeið unnið að því að standsetja VR-búnað sem ætlaður er öllum félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar og ungmennahúsi. Sótt var um styrk til tækja-kaupanna og frá því að hann fékkst hefur verið unnið að því að gera búnaðinn kláran fyrir notkun. Síðastliðinn vetur hélt hópurinn fyrsta VR-LAN Íslandssögunnar í samstarfi við Samfés. Í vetur er stefnt að því að VR-LAN verði haldið í Kópavogi samhliða Félkó-laninu.

Þróunarverkefnið Velkomin:

Undanfarin 4-5 ár (frá vordögum 2018) hefur Kjarninn leitt starf Velkominn verkefnisins, aðlögunar- og móttökuprógramms. Um er að ræða viðkvæmt sértækt hópastarf og snýst í grunninn um virkni og valdeflingu. Prógrammið er þrískipt, þ.e. miðstig, unglingastig og ungmenni. Síðasta sumar var um að ræða þjónustu sem allir níu skólar bæjarfélagsins nýttu sér og tæplega áttatíu börn, unglingar og ungmenni í Kópavogi nýttu sér. Verkefnið hefur verið fyrirferðarmikið í starfseminni og gert heilmikið gagn í aðlögun og virkni. Hjá Kjarnanum er áhugi fyrir að halda því starfi áfram og þróa í góðu samstarfi. Miklir vaxtamöguleikar eru í Velkomin verkefninu, m.a. að byggja á þeirri vinnu inn í veturinn.

Þróunarverkefnið „Miðstöðin“:

Í samstarfi við skólann/Frístund er hugmyndin að halda áfram að þróa miðstigsstarf á þann veg að gefa þessum aldurshópi hærra undir höfði, sem undirbúningur fyrir unglingastigið. Það er mjög stórt félagslegt stökk að koma af miðstigi yfir á unglingastigið, eins og það er í dag. Miðstigsstarf er að jafnaði tvisvar í mánuði í félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar.

Þá er hugmyndin að horfa sérstaklega til þess að brúa félagslegt bil milli skólastiga með enn öflugri aðlögun og undirbúningi. Þá gagnvart 4. bekk (í undirbúningi fyrir miðstigsstarf, á skólatíma í samstarfi við Frístund), 7. bekk (gagnvart því að byrja á unglingastigi og taka þátt í öllu því fjölbreytta og umfangsmikla starfi sem félagsmiðstöðin býður upp á) og 9. og 10. bekk (gagnvart því að byrja í framhaldsskóla og geta stundað ungmennahúsið, í líkingu við félagsmiðstöð á unglingastiginu).